Nr. 2.
2. marz.

# Tilskipun

um

## hvernig gegna skuli störfum þeim, sem amtsráðin hafa hingað til haft á hendi og eigi eru þegar lögð undir stjórnarráðið eða sýslunefndir.

**Vjer Frederik hinn Áttundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Samkvæmt 84 gr. í sveitarstjórnarlögum nr. 43, 10. nóvember 1905 viljum Vjer skipa svo fyrir um það, hvernig gegna skuli störfum þeim, sem amtsráðin hafa hingað til haft á hendi og eigi eru þegar lögð undir stjórnarráðið eða sýslunefndir, sem nú segir:

I. Til stjórnarráðsins hverfa þessi störf:
  a. að ákveða bústað dýralækna og gefa þeim erindisbrjef, sbr. lög nr. 22, 2. október 1891, 1. og 5. gr. Gjöld til dýralækna samkvæmt 3. gr. nefndra laga greiðast úr landssjóði;
  b. að hafa eptirlit með að ákvæðum um styrktarsjóði handa alþýðufólki sje hlýtt, sbr. lög nr. 30, 18. desbr. 1897, 4. gr. og að semja reglur um úthlutun á styrk úr sjóðunum, sbr. 5. gr. Sýslunefndir skulu árlega senda stjórnarráðinu skýrslu um hag sjóðanna, sbr. 3 gr.;
  c. að semja fyrirmynd fyrir skýrslum um skoðun á búfje og fóðurbirgðum, sbr. 6. gr. laga nr. 7, 9. febr. 1900 um horfelli á skepnum;
  d. að hafa á hendi stjórn þessara sjóða:
    1. styrktarsjóðs verðugra og þurfandi þjóðjarðalandseta og ekkna þeirra í Suðuramtinu;
    2. sjóðsins „Þorvaldar Minning";
  e. að hafa tilsjón með þessum sjóðum:
    1. gjafasjóði Guttorms prófasts Þorsteinssonar;
    2. gjafasjóði Pjeturs sýslumanns Þorsteinssonar;
    3. styrktarsjóði Jóhannesar Kristjánssonar;
    4. styrktarsjóði handa ekkjum og börnum Ísfirðinga, er í sjó drukkna;
    5. styrktarsjóði handa ekkjum og börnum Vestmannaeyinga þeirra, er í sjó drukkna eða hrapa til bana;
    6. búnaðarsjóði Eyjafjarðarsýslu;

# Anordning

Nr. 2.
2.
Marts.

angaaende

## Besørgelsen af de Forretninger, som Amtsraadene hidtil have varetaget og som ikke allerede ere henlagte under Ministeriet eller Sysselforstanderskaberne.

**Vi Frederik den Ottende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt:* I Henhold til § 84 i Lov Nr. 43 af 10. November 1905 om Landkommunernes Styrelse ville Vi herved have anordnet følgende angaaende Besørgelsen af de Forretninger, som Amtsraadene hidtil have varetaget og som ikke allerede ere henlagte under Ministeriet eller Sysselforstanderskaberne.

I. Til Ministeriet overgaa følgende Forretninger:

a. at bestemme, hvor Dyrlægerne skulle være bosatte samt meddele dem Instruks, jfr. Lov Nr. 22 af 2. Oktober 1891 §§ 1 og 5. Udgifter til Dyrlægerne i Henhold til nævnte Lovs § 3 udredes af Landskassen;

b. at føre Tilsyn med, at Bestemmelserne om Understøttelseskasser for Almuesfolk overholdes, jfr. Lov Nr. 30 af 18. December 1897 § 4, samt at affatte Regler om Fordeling af Understøttelser af Kasserne, jfr. § 5. Sysselforstanderskaberne skulle aarlig tilstille Ministeriet Beretning om Kassernes Status, jfr. § 3;

c. at udarbejde Skema til Beretninger om Syn af Kreaturer og Foderforraad; jfr. Lov Nr. 7 af 9. Februar 1900 om Kreaturers Død af Magerhed;

d. at varetage Bestyrelsen af følgende Fonds:
  1. Understøttelsesfond for værdige og trængende Lejlændinger og Lejlændingers Enker paa Landskassens Gods i Sønderamtet;
  2. Legatet „Thorvalds Minde";

e. at føre Tilsyn med følgende Legater og Stiftelser:
  1. Provst Guttormur Thorsteinssons Legat;
  2. Sysselmand Pjetur Thorsteinssons Legat;
  3. Johannes Kristjanssons Legat;
  4. Understøttelsesfond for Druknedes Enker og Børn paa Isafjord;
  5. Understøttelsesfond for Enker og Børn efter de Mænd paa Vestmanøerne, der enten drukne i Søen eller omkomme ved Fjældklatring;
  6. Øfjord Syssels Landbrugsfond;

Nr. 2.
2.
marz.

7. styrktarsjóði handa ekkjum og munaðarleysingjum í Rangárvallasýslu;
8. styrktarsjóði fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyri.

II. Sýslunefndir skulu ákveða hver í sinni sýslu, hve mörg yfirsetukvennaumdæmi skuli vera í sýslunni, sbr. lög 17. decbr. 1875, 1. gr. Þær ákveða einnig endanlega, hvort veita skuli ljósmæðrum launaviðbót, sbr. lög 13. apríl 1894, 1. gr. og 77. gr. sveitarstjórnalaganna.

Sýslunefndir hafa tillögurjett um, hvernig verja skuli vöxtum af gullbrúðkaupslegati Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og konu hans, frú Þórunnar Hannesdóttur.

III. Þá er til þess kemur að stofna kvennaskóla í hinu fyrverandi Vesturamti af sjóði „Minning Herdísar og Ingileifar Benediktsen“ skal leita álita sýslunefndanna í nefndu amti um þau atriði, er amtsráði vesturamtsins var ætlað að hafa afskipti af samkvæmt gjafabrjefi frú Herdísar Benediktsen.

IV. Sýslumönnunum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslu og Strandasýslu skal falið að innheimta samkvæmt ákvörðun stjórnarráðsins eptir sömu reglum, sem hingað til hefur tíðkast, afborganir og vexti af lánum til æðarvarpsræktar, og innborga í landssjóð, sbr. lög nr. 3, 8. jan. 1886, lög nr. 25, 4. desbr. s. á. og lög nr. 1, 15. janúar 1892.

V. Sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu skal undir tilsjón stjórnarráðsins falin stjórn þessara sjóða:
1. Prentsmiðjusjóðs Norðuramtsins;
2. Þúsundára afmælissjóðs Eyjafjarðar.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 2. marz 1908.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Frederik R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

Nr. 2. Tilskipun 2. marz um hvernig gegna skuli störfum þeim, sem amtsráðin hafa hingað til haft á hendi og eigi eru þegar lögð undir stjórnarráðið eða sýslunefndir.

7. Understøttelsesfond for Enker og uforsørgede Børn i Rangarvalla Syssel; Nr. 2.
8. Understøttelsesfond for fattige Enker og faderløse Børn inden Øfjords 2.
Syssel og Akureyri. Marts.

II. Sysselforstanderskaberne skulle for hvert Syssels Vedkommende fastsætte Antallet af Jordemoderdistrikterne inden Sysslet, jfr. Lov 17. December 1875 § 1, samt tage endelig Bestemmelse om, hvorvidt der skal tildeles Jordemødrene Lønningstillæg, jfr. Lov 13. April 1894 § 1 og § 77 i Loven om Landkommunernes Styrelse.

Sysselforstanderskaberne have Ret til at gøre Indstilling om, hvorledes Renterne af Amtmand Bjarni Thorsteinssons og Hustrus, Thorunn Hannesdatters Guldbryllupslegat skal anvendes.

III. Naar en Kvindeskole bliver at oprette i det forhenværende Vesteramt med Midler af Fonden „Herdis og Ingeleif Benediktsens Minde", skal der indhentes Forslag fra Sysselforstanderskaberne i det nævnte Amt angaaende de Punkter, som i Fru Herdis Benediktsens Gavebrev ere henlagte til Behandling af Vesteramtets Amtsraad.

IV. Det overdrages til Sysselmændene i Snæfellsnes og Hnappadal Syssel, Dala Syssel, Bardastrand Syssel og Stranda Syssel efter Ministeriets nærmere Bestemmelse at indkræve, overensstemmende med de hidtil fulgte Regler, og indbetale til Landskassen Afbetalinger og Renter af Laanene til Ophjælpning af Ederfuglevarp, jfr. Lov Nr. 3 af 8. Januar 1886, Lov Nr. 25 af 4. Decbr. s. A. og Lov Nr. 1 af 15. Januar 1892.

V. Under Ministeriets Tilsyn henlægges til Sysselmanden i Øfjord Syssel at bestyre følgende Fonds:
1. Nordamtets Trykkerifond;
2. Øfjords Tusindaars Mindelegat.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 2. Marts 1908.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Frederik R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

Nr. 9. Anordning af 2. Marts ang. Besørgelsen af de Forretninger, som Amtsraadene hidtil have varetaget, og som ikke allerede ere henlagte under Ministeriet eller Sysselforstanderskaberne.